

Lykilhæfni í 5. – 7. bekk í Akurskóla

Lykilhæfnin skiptist í fimm þætti sem lagðir eru til í Aðalnámskrá. Allir þættirnir fimm eru jafn mikilvægir en farið er misjafnlega djúpt í þá eftir aldri nemenda. Mat á lykilhæfni fer fram að vori í öllum árgöngum. Matið er framkvæmt í Mentor og birt foreldrum á fjölskylduvef. Foreldrar og nemendur meta einnig lykilhæfni í Mentor og farið er yfir mat allra aðila á samtalsdegi í maí.



Lykilhæfni	Tjáning og miðlun	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Sjálfstæði og samvinna	Nýting miðla og upplýsinga	Ábyrgð og mat á eigin námi
Skilgreining	Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.	Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdafærslu.	Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn	Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnninn hátt.	Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.
Matsviðmið í 5. – 7. bekk	Tekur þátt í samræðum. Hlustar á aðra. Tjáir skoðanir sínar munnlega, skriflega eða á annan hátt.	Sýnir frumkvæði. Beitir gagnrýnni hugsun. Er skapandi við vinnu og lausn verkefna.	Leitar sjálfstæðra lausna í vinnu sinni. Sýnir kurteisi í samskiptum. Leggur sitt af mörkum í hópastarfi. Fylgir fyrirmælum.	Miðlar upplýsingum til annarra. Nýtir mismunandi miðla til upplýsingaöflunar. Vinnur vel og á gagnrýnninn hátt úr upplýsingum.	Setur sér markmið í námi. Metur stöðu sína raunhæft í námi. Nýtir tíma sinn vel.

Skýringar á bókstöfum í lykilhæfni eru:

A = Framúrskarandi hæfni. **B** = Góð hæfni. **C** = Sæmileg hæfni. **D** = Hæfni ábótavant.